



Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur ársins 2016

Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2016 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 16. febrúar 2017. Verður ársreikningurinn lagður fyrir aðalfund þann 15. mars 2017 til staðfestingar.

Helstu niðurstöður ársins 2016

- Hagnaður ársins 2016 nam 1.459 m.kr. samanborið við 2.076 m.kr. hagnað árið 2015.
- Samsett hlutfall var 101,7% en var 101,5% árið áður.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 1.997 m.kr. samanborið við 4.076 m.kr. árið 2015.
- Hagnaður á hlut nam 0,65.

Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs

- Hagnaður tímabilsins nam 867 m.kr. samanborið við 86 m.kr. á sama tímabili í fyrra.
- Samsett hlutfall var 100,4% en var 92,2% í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 959 m.kr. samanborið við 1.103 m.kr. á sama tíma 2015.

Jakob Sigurðsson, forstjóri

„Það er jákvætt að iðgjöld eru farin að aukast eftir nokkurra ára stöðnun, en eigin iðgjöld jukust um 10,2% á milli ára. Vöxturinn kemur til bæði vegna hærra meðaliðgjalds og fjölgunar skírteina. Viðskiptavinum félagsins er að fjölga og einnig eru núverandi viðskiptavinir í meiri viðskiptum við okkur en áður. Samsett hlutfall er heldur hærra en það var árið 2015, og það verður áfram verkefni félagsins að ná því niður. Ávöxtun fjárfestingaefna gekk nokkuð vel við erfiðar markaðsaðstæður lengst af á árinu, og nam 7,1%. Gjaldmiðlatap af eignum sem tilheyrja erlendri starfsemi félagsins hefur neikvæð áhrif á afkomu fjárfestingastarfseminnar, en það nam 641 m.kr. á árinu.

Á fjórða ársfjórðungi gekk rekstur félagsins ágætlega og nam hagnaðurinn 867 m.kr. sem er mesti hagnaður á einum fjórðungi síðan á þriðja ársfjórðungi 2013. Góð afkoma skýrist af ágætri ávöxtun fjáreigna og betri afkomu af vátryggingarekstri en oft áður.

Nú stendur yfir rýni og endurskoðun á stefnu VÍS með víðtækri þátttöku stjórnar og starfsfólks. Við gerum ráð fyrir að kynna niðurstöður þeirrar vinnu á vormánuðum. Auður VÍS liggur ekki síst í frábæru starfsfólki um allt land sem hefur unnið frábært starf í krefjandi verkefnum. Það er ekki síst þeim að þakka að VÍS er jafn öflugt félag og raun ber vitni.“

Tillaga stjórnar til aðalfundar um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,46 á hlut. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 1.023 milljónir króna. Félagið sér vaxtartækifæri á markaðnum og telur arðstillöguna ekki skerða möguleika félagsins til nýtingar þeirra.

Horfur

Ágætur iðgjaldavöxtur var á árinu 2016 og er gert ráð fyrir að iðgjöld haldi áfram að vaxa á árinu 2017. Reiknað er með að samsett hlutfall verði undir 100%.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 17. febrúar n.k. kl. 8:30. Þar munu Jakob Sigurðsson forstjóri, Guðmar Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs og Tryggvi Guðbrandsson forstöðumaður fjárfestinga kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á vef VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Aðalfundur 2017	15. mars 2017
1. ársfjórðungur	2. maí 2017
2. ársfjórðungur	24. ágúst 2017
3. ársfjórðungur	24. október 2017
Ársuppgjör 2017	8. vika 2017

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðný Helga Herberdsdóttir í síma 660-5191 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur ársins 2016

		m.kr.	2016	Δ %	2015
Rekstur	lögjöld tímabilsins		18.319	10,4%	16.597
	Eigin iðgjöld		17.647	10,2%	16.016
	Fjármunatekjur		1.997	-51,0%	4.076
	Heildartekjur		19.815	-2,2%	20.258
	Tjón tímabilsins		-14.866	16,8%	-12.732
	Eigin tjón		-14.045	10,5%	-12.712
	Rekstrarkostnaður		-4.475	9,8%	-4.077
	Virðisrýrnun óe. eigna		0	0	-1.430
	Heildargjöld		-18.639	2,1%	-18.258
	Hagnaður		1.459	-29,7%	2.076
Hlutföll	Tjónahlutfall		81,2%	4,5%	76,7%
	Eigið tjónahlutfall		79,6%	0,2%	79,4%
	Kostnaðarhlutfall		21,3%	-0,2%	21,5%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall		-0,8%	-4,1%	3,3%
	Samsett hlutfall		101,7%	0,2%	101,5%
		m.kr.	31.12.2016		31.12.2015
Efnahagur	Eignir				
	Fjárfestingar		33.069		32.206
	Handbært fé		1.063		1.428
	Viðskiptakröfur		5.706		5.482
	Aðrar eignir		6.485		5.757
	Eignir samtals		46.323		44.874
	Skuldir				
	Eigið fé		16.371		17.552
	Víkjandi skuldabréf		2.574		0
	Vátryggingaskuld		24.936		23.466
Aðrar skuldir		2.442		3.856	
Skuldir samtals		46.323		44.874	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall		35,3%		39,1%
	Arðsemi eigin fjár		8,6%		11,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu (SII)		1,72		1,54

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.